

í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Stefáns Th. Jónssonar 4 kr. og málflytningu- og málflytningu- og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1895:

Ólafur Pjetursson
gegn

Bjarna Siggeirssyni, Lars Imsland, Jóni Runólfssyni og
Gunnlaugi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn gegn hinum stefnda fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu til skaðabóta fyrir rof á samningi um húskaup, og var það dæmt í nefndum rjetti 8. okt. f. á. þannig, að stefndu voru algjörlega sýknaðir og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjunarstefnan er út gefin 6. febr. þ. á., og hefur áfrýjandinn krafizt þess fyrir yfirdóminum aðallega, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer skadabætur in solidum allt að 1000 kr. eptir mati dómkvaddra óvilhallra manna og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, þar á meðal 193 kr. 32 a. í málskostnað fyrir undirdómi, og til vara, að stefndi Lars Imsland verði dæmdur

til að greiða sjer skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati, þó ekki yfir 1000 kr., og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með 60 kr. eða einhverri nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Tilefni til máls þessa var það, að í apríl 1893 varð umtal um það milli áfrýjanda og hinna stefndu, að stefndu keyptu hús áfrýjanda á Þórarinsstaðayeyri í Seyðisfirði fyrir 1800 kr., er greiðast skyldu af 500 kr. í júnimánuði það ár. Skriflegur samningur um kaupin komst þó ekki á þá þegar, og síðar fór svo, að ekkert varð úr kaupunum, en áfrýjandi höfðaði þá skadabótamál þetta á hendur hinum stefndu fyrir rof á samningi þeim, er hann áleit á kominn um hús-kaupin.

Hinir stefndu hafa haldið því fram, að enginn samningur hafi nokkurn tíma komizt á um hús-kaupin, hvorki munnlegur nje skriflegur, en þeir hafi að eins talað um að kaupa húsið af áfrýjanda, ef þeir fengju vissu fyrir því, að hreppsnefndin í Seyðisfjarðarhreppi, sem átti lóðina, er húsinu fylgdi, leyfði þeim að hafa Færeyingaúthald í húsinu og nota þannig húslóðina til hvers sem vera skyldi, meðan staðið væri í skilum með afgjaldið til hreppsins eptir lóðina, og í öðru lagi var það einnig tilskilið, að húsið skyldi leyst úr öllum veðböndum, er á því hvíldu, áður en kaupgjörðust. Þessi skýrsla eða viðurkenning stefndu

verður að leggjast til grundvallar fyrir dómi í málinu, þar sem áfrýjandinn hefur ekki fært neinar sönnur á, að neinn ákveðinn samningur hafi verið á kominn um húskaupin milli hans og stefndu. Það er nú hvorttveggja, að þetta umtal um kaup á húsi áfrýjanda gat tæplega álitizt skuldbindandi loforð af hendi stefndu, en þó svo væri álitid, þá má telja það upplýst, að stefndu hafi eigi getað náð samningum þeim við hreppsnefndina um notkun húslóðarinnar, er þeim þótti fullnægjandi og höfðu gjört að skilyrði fyrir húskaupunum, og gat því eigi fyrir það verið að ræða um neina skyldu af þeirra hendi samkvæmt loforðinu að kaupa umrætt hús. Það getur heldur eigi út af fyrir sig álitizt nein sönnun fyrir kaupum á húsinu af hendi stefndu, þótt einn þeirra í privatbrjefi til kunningja síns í Færeyjum, er skrifað var um það leyti, sem kaupin voru fyrirhuguð, en áður en samningar við hreppsnefndina virðast hafa verið fullreyndir, kæmist svo að orði, að hann hefði ásamt hinum öðrum stefndu keypt þetta hús, og bæði kunningja sinn að ráða til sín Færeyinga í húsið sumarið eptir, því að hann gekk eðlilega út frá því, þegar hann skrifaði brjefið, að kaupin mundu takast, enda vissi eigi, eptir því sem skýrt er frá í málinu, að hindranir myndu verða fyrir húskaupunum frá hreppsnefndarinnar hálfu eða á annan hátt. Það verður því eigi álitid, að hinir stefndu hafi verið skuldbundnir til að kaupa hús áfrýjanda, og getur því eigi orðið um neinar skaðabætur fyrir rof á kaupsamningi að ræða.

Það ber því að staðfesta undirrjettardóminn að aðalefni hans, og tellst yfirdómurinn einnig á málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu, Bjarni Siggeirsson, Lars Imsland, Jón Runólfsson og Gunnlaugur Jónsson eiga að vera sýknir fyrir kærnum og kröfum áfrýjandans, Olafs Pjeturssonar. Málskostnaður falli niður.

Nr. 21/1895:

Egill Gunnlaugsson
 gegn
 Erlendi Guðmundssyni.

Dómur:

Með gestarjettardómi Reykjavíkur 5. apríl þ. á. var áfrýjandinn Egill Gunnlaugsson í Arabæ í Reykjavík dæmdur til að greiða hinum stefnda, Erlendi bónda Guðmundssyni 40 kr. sem eptirstöðvar af borgun fyrir dvöl sonar Egils hjá stefnda veturinn 1892—93, er hann var við nám í Mýrarhúsabarnaskóla, svo og til að greiða stefnda í málskostnað 6 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. maí þ. á., og fengið gjafsókn og leyfi til að leggja fram ný skjöl og vitni, og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómurinn verði felldur úr gildi og hann